

Nd.

130. Frumvarp

til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

1. gr.

Bæjarfógetinn á Siglufirði skal hafa sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsg. laga nr. 71, 28. nóv. 1919.

2. gr.

Annar liður 19. gr. bæjarstjórnarlaga Siglufjarðar frá 1919 orðist svo:
Ef rekin er í lögsagnarumdæminu atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verzlun, kaupskapur, þilbátaútgerð, bátfiski, tunnuvinna allskonar, beitutaka, ferming skipa, allskonar bræðsluvinna, verksmiðjuvinna og smíðar allskonar, þá má leggja útsvar á þá atvinnu, þótt hún sje ekki rekin nema 4 vikur og atvinnurekandi eða atvinnuþegi eigi heimili eða fast aðsetur annarsstaðar.

Á sildarverkun á höfninni og í kaupstaðnum má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma.

3. gr.

Fyrir síðari málslið 22. gr. komi:

Skal skatturinn áfallinn þann dag, sem niðurjöfnunin er undirrituð af niðurjöfnunarnefnd.

Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma, á sama hátt og fyrir greinir, og frestir allir vera hálfu skemri en við aðalniðurjöfnun.

4. gr.

Útsvör þeirra, sem eiga ekki heima í lögsagnarumdæminu, má taka lögtaki áður en útsvarsgreiðandi fer burtu eða atvinnan hættir, án þess að biða þurfi með auglýsingu lögtaks, en útsvarsgreiðandi á heimtingu á endurgreiðslu útsvars úr bæjarsjóði, að þeim hluta, er útsvarið, eftir kæru útsvarsgreiðanda, kynni að verða fært niður.

5. gr.

Atvinnurekendum í lögsagnarumdæminu er skylt að senda niðurjöfnunarnefnd, þegar hún krefst þess, skrá um nöfn og heimili og ráðningartíma þeirra aðkomumanna, er stunda hjá þeim atvinnu.

Ástæður.

Frumvarp þetta, sem er flutt eftir ósk bæjarstjórnarinnar á Siglufirði, er hvorttveggja í senn, sjálfsgöð breyting á einstökum ákvæðum bæjarstjórnarlaganna og jafnframt — að því er virðist — eðlilegur viðauki við nefnd lög, samkvæmt þeirri reynslu, sem fengin er, að því er snertir greiðslu útsvara til bæjarsjóðs.

Á Siglufirði hagar svo til, að aðkomumenn, bæði innlendir og útlendir, safnast þangað um veiðitímann og reka þaðan ýmiskonar fiskveiðar, einkum þó sildveiðar, og hafa mikinn fjölda manna í sinni þjónustu, sem alloft fara þaðan að haustinu með mikla peninga. Bæjarstjórnin litur svo á, að frá þessum mönnum verði bæjarfjelagið að fá gjöld til bæjarsjóðs, í samræmilegu hlutfalli við aðra gjaldendur, en til þess að nokkur trygging fái fyrir greiðslu þessara tekna bæjarsjóðs, verður að leita þeirrar aðferðar við innheimtuna, sem fullnægir fyrirliggjandi kringumstæðum, einkum að því er snertir aðkomandi útlendinga.